**Sþ.** **535. Breytingartillaga**

við till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess að auka við húsnæði fyrir geðveikt fólk.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við tillgr. bætist: með þeim hætti, sem hér segir: Hefja næsta vor, undir eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar, byggingu geðveikrasjúkrahúss á Akureyri og ljúka við húsrúm fyrir 50 sjúklinga svo fljótt sem unnt er. Taka sömuleiðis til viðgerðar og afnota kjallarann undir þeirri álmu sjómannaskólans, sem ekki verður notuð til kennslu fyrst um sinn, og gera þar bráðabirgðahæli fyrir sjúklinga, sem ekki rúmast á Kleppi.